

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðahrepps og Viðvíkurhrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 20. apríl 1998 staðfest sameiningu Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps, Sauðárkrókskaupstaðar, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps, Staðahrepps og Viðvíkurhrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum ellefu sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna.

Kjósa skal ellefu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórnirnar ellefu tilnefna í sameiningu þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjördeildir verða í hverju sveitarfélagi og gegna núverandi kjörstjórnir, þ.e. þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga, hlutverki undirkjörstjórna við kosningarnar.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 6. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. apríl 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um tiltekin efni sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðarinnar er að takmarka notkun tiltekinna efna sem stuðla að auknum gróðurhúsaáhrifum.

2. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerðin gildir um eftirtalin efni, hrein eða í blöndu með öðrum eignum, enda sé þyngdarhlutfall þeirra í blöndunni hærra en 1%:

1. Vetnisflúorkolefni (HFC), kolefnissambönd sem innihalda flúor og vetni.
 2. Flúorkolefni (FC), kolefnissambönd sem innihalda einungis flúor og kolefni.
 3. Hexaflúorbrennisteinn SF_6 .
- Sjá nánar um líftíma og upphitunarstuðla fyrir SF_6 , nokkurra HFC og FC í viðauka 1.

3. gr.

Framleiðsla, innflutningur og sala.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn og selja efni sem talin er upp í 2. gr. svo og vörur sem innihalda slík efni, sjá þó 4. og 9. gr.

4. gr.

Undantekningar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er innflutningur og sala á efnum tilgreindum í 2. gr og vörum sem innihalda sömu efni heimil til neðangreindrar notkunar:

1. Vetnisflúorkolefni (HFC)
 - a) Til notkunar í kæli- og varmadælukerfi.
 - b) Í lyfjum sem drifefni.
2. SF_6 í rofum og rafbúnaði þar sem aðrar lofttegundir eru ónothæfar.

5. gr.

Skráning á innflutningi og sölu - Innra eftirlit.

Innflytjendur og söluaðilar HFC og SF_6 bera ábyrgð á því að ákvæði reglugerðarinnar séu uppfyllt. Þeir skulu halda skrá yfir allan innflutning og sölu HFC og SF_6 , svo og á vörum sem innihalda þessi efni, sbr. 4. gr. Innflytjendur og söluaðilar skulu senda upplýsingar um innflutning og sölu til Hollustuverndar ríkisins fyrir 1. mars ár hvert.

Hið sama gildir um innflutning og sölu efna eða vara sem veitt hefur verið undanþága fyrir samkvæmt 9. gr.

6. gr.

Losun.

Óheimilt er að losa efni sem tilgreind eru í 2. gr. út í umhverfið. Hver sá sem hefur með höndum ofangreind efni eða búnað sem inniheldur slík efni, skal viðhafa allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir losun þeirra út í umhverfið.

7. gr.

Endurvinnsla og förgun.

Efni tilgreind í 2. gr. skal endurnýta eða endurvinna ef kostur er. Við förgun skal meðhöndla þau sem spilliefni, sbr. ákvæði gildandi mengunarvarnareglugerðar.

8. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

9. gr.

Undanþágur.

Ef sérstakar aðstæður mæla með getur umhverfissráðherra veitt tímabundnar undanþágur frá ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins.

Í umsókn um undanþágur fyrir innflutningi og sölu, á efnum sem tilgreind eru í 2. gr. og vörum sem innihalda þau, skal gerð grein fyrir notkun efnisins eða vörunnar og hvers vegna ekki sé hægt að nota önnur efni minna skaðleg umhverfinu.

10. gr.

Viðurlög.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

11. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum, og 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerð þessi hefur verið tilkynnt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 534/1995, um gildistöku tiltekinna tilskipana Evrópubandalagsins um tilhögun upplýsingaskipta vegna setningar tæknilegra staðla og reglugerða, sbr. 1. tölul. XIX. kafla II. viðauka EES-samningsins, sbr. tilskipun ráðsins frá 28. mars 1983 nr. 83/189/EBE, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 14. apríl 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI 1

Upphitunarstuðlar hexaflúorbrennisteins auk nokkurra vetnisflúorkolefna (HFC) og flúorkolefna (FC), með hlíðsjón af upphitunarstuðli fyrir koldíoxíð (CO₂).¹⁾

Efni		Líftími	Upphitunarstuðull			
		Ár	20 ára	100 ára	500 ára	
HFC	CHF ₃	HFC-23	264	9100	11700	9800
	CH ₂ F ₂	HFC-32	5.6	2100	650	200
	CH ₃ F	HFC-41	3.7	490	150	45
	C ₄ H ₂ F ₁₀	HFC-43-10-mee	17.1	3000	1300	400
	C ₂ HF ₅	HFC-125	32.6	4600	2800	920
	CHF ₂ CHF ₂	HFC-134	10.6	2900	1000	310
	CH ₂ FCF ₃	HFC-134a	14.6	3400	1300	420
	C ₂ H ₄ F ₂	HFC-152a	1.5	460	140	42
	CHF ₂ CH ₂ F	HFC-143	3.8	1000	300	94
	CF ₃ CH ₃	HFC-143a	48.3	5000	3800	1400
	C ₃ HF ₇	HFC-227ea	36.5	4300	2900	950
	C ₃ H ₂ F ₆	HFC-236fa	209	5100	6300	4700
	C ₃ H ₃ F ₅	HFC-245ca	6.6	1800	560	170
	FC	CF ₄	CF-14	50000	4400	6500
C ₂ F ₆		CF-116	10000	6200	9200	14000
C ₃ F ₈			2600	4800	7000	10100
C ₄ F ₁₀			2600	4800	7000	10100
c-C ₄ F ₈			3200	6000	8700	12700
C ₅ F ₁₂			4100	5100	7500	11000
C ₆ F ₁₄			3200	4500	6800	9900
SF₆		3200	16300	23900	34900	

¹⁾ Stuðst er við upphitunarstuðla úr skýrslunni Climate Change 1995 - The Science of Climate Change, Technical Summary of the Working Group I Report.